

BORGARRÁÐ 7. desember 2023: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um almenningsgarða og græn svæði - MSS23120049

Hversu margir nýir almenningsgarðar eða græn svæði hafa verið skipulögð og byggð/gróðursett síðan um aldarmótin? Hver er fermetrafjöldi allra almenningsgarða eða grænna svæða í Reykjavík? Eru almenningsgarðar í Reykjavík flokkaðir eftir einhverjum ákveðnum þáttum? Ef svo er hverjir eru flokkarnir? Vert er að taka fram að hér er ekki verið að spyrja um ný torg eða almenningsvæði sem eru að mestu hellulögð eða undir múr, gúmmí eða steypu eða einhverju undirlagi sem er ekki gras eða annar gróður. Séu slík svæði flokkuð sem almenningsgarðar eða græn svæði hjá borginni mætti taka það fram í upptalningunni og hver notkun svæðisins sé, eftir því sem við á.